

08. JÚNÍ  
2023

HARPA  
ELDBORG

# Hadelich leikur Brahms

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum standur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Fiðlukonsert 38'

Sinfónía 43'

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Hadelich leikur Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Bertrand de Billy**  
hljómsveitarstjóri

**Augustin Hadelich**  
einleikari

## Johannes Brahms

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 77 (1878)

Allegro non troppo

Adagio

Allegro giocoso, ma non troppo vivace

## Hié

## Johannes Brahms

Sinfónía nr. 4 í e-moll, op. 98 (1885)

Allegro non troppo

Andante moderato

Allegro giocoso

Allegro energico e passionato

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Bertrand de Billy

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy hefur náð frábærum árangri jafnt sem stjórnandi sinfóniútónleika og í óperuhúsum víða um heim. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórnandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómsveit Vínborgar (2002–2010). Hann var einnig um árabil aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Dresden og Kammersveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur gestastjórnandi framúrskarandi hljómsveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómsveitinni, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Bertrand de Billy hefur sex sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir, þar á meðal fyrstu sinfóníu Brahms og Þýskri sálumessu sama tónskálds á síðasta starfsári; þá stjórnaði hann meðal annars annarri og þriðju sinfóníu Brahms fyrir skemmstu. Hann gegnir stöðu aðalgestastjórnanda hljómsveitarinnar frá 2021 til 2023.

Með tónleikum kvöldsins lýkur yfirferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Bertrands de Billy á sinfóníum Brahms sem hófst á síðasta starfsári.



# Augustin Hadelich

## EINLEIKARI

Grammy-verðlaunahafinn Augustin Hadelich hefur skotist upp á stjörnuhimin klassískrar tónlistar með undraverðum hraða síðustu ár. Hann var valinn hljóðfæraleikari ársins 2018 af tímaritinu Musical America og þykir ná að sameina í leik sínum yfirburða tækni og djúpa túlkun á hátt sem fáum er gefinn.

Hadelich hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum heims og starfar reglulega með hljómsveitarstjórum í fremstu röð. Á nýliðnu tónleikaári lék Hadelich meðal annars með Bæversku útvarpshljómsveitinni, Dönsku þjóðarhljómsveitinni, Finnску útvarpshljómsveitinni og Sinfóníu-hljómsveitinni í Birmingham, auk þess sem hann kom í fyrsta sinn fram á tónlistarhátíðinni í Salzburg. Í Bandaríkjunum kom hann meðal annars fram með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles í Hollywood Bowl, en einnig í Cincinnati og Minnesota, svo fátt eitt sé nefnt. Hann fylgir nú eftir 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2020 þar sem hann lék fiðlukonsert Sibeliúsar við afar góðar undirtektir.

Hadelich hefur yndi af því að leika kammertónlist og hefur meðal annars komið fram á kammertónleikum í Carnegie Hall, Concertgebouw í Amsterdam, Kennedy Center í Washington D.C., Wigmore Hall í Lundúnum og Louvresafninu í París. Hann hlaut Grammy-verðlaun árið 2016 fyrir hljóðritun sína á fiðlukonsert Henri Dutilleux með Sinfóníuhljómsveit Seattle undir stjórn Ludovic Morlot. Fyrir aðra diska sína hefur hann meðal annars verið tilnefndur til Gramophone-verðlauna.

Hadelich er fæddur á Ítalíu af þýsku foreldri, en er nú bandarískur ríkisborgari. Hann lærði við Juilliard-skólann í New York, en ferill hans fór á flug þegar hann hreppti gullverðlaun í alþjóðlegu fiðlukeppninni í Indianapolis árið 2006. Síðan hefur hann meðal annars hlotið Avery Fisher-verðlaunin og Martin E. Segal-verðlaunin sem Lincoln Center veitir ár hvert. Augustin Hadelich leikur á fiðlu sem Giuseppe Guarneri del Gesù smíðaði árið 1744 („Leduc, ex Szeryng“), sem ónefndur velgjörðarmaður hefur falið honum til yfirráða gegnum Tarisio-stofnunina.



# Johannes Brahms

## FIÐLUKONSERT, OP. 77

Johannes Brahms (1833-1897) var merkisberi hefðbundinna forma í listsköpun sinni og samdi til að mynda sinfóniur og einleikskonserta, og iðkaði kammertónsmíðar af miklum móð. Hann var þannig mótvægi við framsæknari nálgun tónskálda á borð við Wagner og Liszt sem vildu brydda upp á nýjungum í bæði stíl og formi.

Fyrsta píanókonserti Brahms (1859) var illa tekið og dró það verulega kjarkinn úr tónskáldinu hvað konsertformið varðaði. Áratugalöng vinátta hans við fiðlusnillinginn og tónskáldið Joseph Joachim varð hins vegar til þess að Brahms hóf að semja fiðlukonsert árið 1878 en hann vann að verkinu í austurríska smábænum Pörrschach sumarið það ár. Brahms var sjálfur píanóleikari og naut hann dyggrar aðstoðar Joachims á meðan hann samdi verkið. Joachim vildi til að mynda gera tónlistina „fiðlulegri“ eins og glögggt má sjá á upprunalegum fiðlunótum konsertsins sem eru útkrotaðar með rauðu bleki.

Helsta viðmið Brahms var fiðlukonsert Beethovens (1806), enda hvíldu tónsmíðar hans jafnan á gömlum merg. Fór svo að þegar fiðlukonsert Brahms var frumfluttur í Leipzig á nýársdag 1879, þá hófust tónleikarnir á flutningi á fiðlukonserti Beethovens. Báðir konsertarnir eru líka í sömu tóntegund, D-dúr. Það var Joachim sem frumflutti verkið og Brahms stjórnaði sjálfur. Viðtökur voru blendnar, áhorfendur tókuð því vel (einkum þegar það var frumflutt í Vínarborg nokkru síðar) en til að mynda spænski fiðlusnillingurinn og tónskáldið Pablo de Sarasate neitaði að leika konsertinn; sagðist ekki vilja standa fyrir framan hljómsveitina til þess eins að hlusta á óbóið leika einu raunverulegu laglínu verksins.

Upphaflega hafði Brahms hugsað sér konsert í fjórum þáttum en einleikskonsertar voru jafnan í þremur þáttum. Eftir að hafa rissað upp tvo miðkafla (*adagio* og *scherzó*) skar hann þá burt og samdi nýjan og hægán miðkafla. Konsertinn er því í þremur þáttum. Fyrsti þátturinn

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alls hafa sautján fiðluleikarar leikið konsert Brahms með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal þeirra eru Björn Ólafsson, sem lék verkið þrívegis með hljómsveitinni (1954, 1962 og 1967), Aaron Rosand (1975), Guðný Guðmundsdóttir (1979), Anne-Sophie Mutter (1985), Sigrún Eðvaldsdóttir (1991), Joshua Bell (2003), Helga Þóra Björgvinsdóttir (2004), Alina Ibragimova (2017) og Isabelle Faust (2019). Sigrún Eðvaldsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2002.

(*Allegro non troppo*) er langlengstur og hefst á löngum hljómsveitarinngangi (rétt eins og fiðlukonsert Beethovens). Það sem einkennir verkið er ekki hvað síst þáttur hljómsveitarinnar, það er að segja einleikari og hljómsveit mynda í raun eina heild. Annar þátturinn (*Adagio*) hefst á undurföggu óbósólói sem svo einleiksfiðlan skreytir en lokakafllinn (*Allegro giocoso, ma non troppo vivace*) ber, eins og margar tónsmíðar Brahms, merki ungerskrar tónlistar. Þar bregður tónskáldið því á leik í þjóðlegum stíl.



# Johannes Brahms

## SINFÓNÍA NR. 4, OP. 98

Það er auðvitað kunnar en frá þurfi að segja að Johannes Brahms (1833-1897) glímdi lengi við fyrstu sífóníuna sína (1876) eða í alls 21 ár. Næstu þrjár létu hins vegar ekki á sér standa. Þannig leit önnur sífónían (1877) dagsins ljós einungis ári eftir frumflutning þeirrar fyrstu og sú þriðja (1883) var ekki lengi í smíðum. Fjóru og síðustu sífóníuna sína samdi Brahms einnig hratt; hann hóf að semja verkið í 1884 en það var frumflutt í Meiningen í Þýskalandi hinn 25. október 1885. Ýmsum getum hefur verið að því leitt hvers vegna það tók Brahms svo langan tíma að semja fyrstu sífóníuna sína en rúmlega fertugur að aldri ritaði hann: „Ég mun aldrei semja sífóníu! Þú getur ekki gert þér í hugarlund hvernig það er að heyra slíkan rísa þrammandi fyrir aftan sig.“ Risinn sem um ræðir er auðvitað Beethoven. Fyrstu sífóníunni var hins vegar fádæma vel tekið og því má kannski segja að stíflan hafi brostið.

Öfugt við „nýþýska skólann“ leit Brahms um öxl í tónsmíðum sínum en án þess þó að vera bundinn í báða skó af aldagamalla þýskri tónlistarhefð. Þó að sífóníur Beethovens hafi verið Brahms (eins og raunar tónskáldum 19. aldar) fyrirmynd beiti hann líka nýstárlegum aðferðum í til að mynda hljómagangi og hryn og segja má að hvergi mætist fortíð og nútíð jafn eftirminnilega og í verkum Brahms, ekki hvað síst í fjórðu sífóníunni.

Brahms stjórnaði sjálfur frumflutningi verksins í Meiningen við afar góðar viðtökur. Hann hafði hins vegar leikið fjórhenta píanóútsetningu (með Ignaz Brüll) fyrir nokkra vini sína nokkru fyrr og þá voru viðtökurnar blendnar. Joseph Joachim gat þess að byrjunin væri of „glannaleg“ og hljómsveitarstjóranum Hans von Bülow fannst verkið „erfitt“ en á sama tíma „risavaxið, nýstárlegt, einstakt.“ Brahms hafði sjálfur áhyggjur af viðtökum verksins en það reyndist óþarfi. Allar götur frá frumflutningnum hefur fjórða sífónían notið mikilla vinsælda og skipar sér sannarlega í hóp allra bestu verka tónskáldsins.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjórða símfónía  
Johannesar Brahms  
hefur frá stofnun  
Símfóníuhljómsveitar  
Íslands prýtt efnisskrár  
hennar að jafnaði  
þriðja hvert ár eða alls  
í á þriðja tug skipta.  
Fyrsti aðalstjórnandi  
hljómsveitarinnar,  
Norðmaðurinn Olav  
Kjelland stjórnaði henni  
fyrst í Þjóðleikhúsinu í  
október 1951 en síðast  
hljómaði hún í Hörpu árið  
2021 undir stjórn Eivinds  
Adland.

Fyrsti þátturinn (Allegro non troppo) hefst á afar blíðu stefi en undir niðri býr tregi; smám saman byggir tónskáldið tónlistina upp uns við tekur annað stef leikið af sellóum og hornum. Þegar upphaflegt stef birtist á ný er það í miklu hægari útfærslu og nær óþekkjanlegt. Annar þátturinn (Andante moderato) er hægur og ljóðrænn en þó dimmur á köflum. Þriðji þátturinn (Allegro giocoso) er völdug gletta (eða scherzó), þungstíg en um leið glaðvær. Lokapátturinn (Allegro energico e passionato) sýnir svo snilli Brahms en þar bregður hann fyrir sig sjakonnu, það er að segja semur tilbrigði (alls þrjátíu) yfir átta takta hljómagang úr kantötu nr. 150, Til þín, Drottinn, hef ég sál mína, eftir Bach. Kaflinn er í senn kraftmikill og ljóðrænn og án efa má segja að hér rísi tónskáldasnilli Brahms hvað hæst.

**Magnús Lyngdal Magnússon**

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Emma Steele  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Joanna Bauer  
Helga Póra Björgvinsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Kateryna Mysechko  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Justyna Bidler  
Kristján Matthíasson

## Víólu

Rita Þorfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Łucja Koczot  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison

## Selló

Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hjörtur Eggertsson  
Urh Mrak  
Margrét Árnadóttir

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Xun Yang  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Antti Salovaara  
Kari Guenther  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin

## Trompet

Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfisdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknilála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknilála*



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur  
[www.slippbarinn.is](http://www.slippbarinn.is)



Notalegt, ferskt og fallegt  
[www.satt.is](http://www.satt.is)



Fáguð matargerðarlist  
[www.vox.is](http://www.vox.is)



Litríkur, fjörugur og sérvitur  
[www.geirismart.is](http://www.geirismart.is)

# Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X  
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPPBARINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA  
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvöna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN